

4. gr.

Sjúkratryggingar endurgreiða sbr. 2. tl. 1. gr. tannlækningakostnað við meðferð alvarlegra áverka af völdum slysa á tönnum/tannvegi/kjálkum/mjúkvefjum munns og/eða andlitsbeinum svo sem hér greinir:

1. Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur áverka á tönnum/tannvegi/kjálkum/mjúkvefjum munns og/eða andlitsbeinum. Áverki, sem orsakast af völdum sjúkdóms (t.d. flogaveiki), telst einnig vera vegna slyss.
2. Tekinn er þáttur í kostnaði við meðferð alvarlegra áverka af völdum slysa að því leyti sem 27. gr. og 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum taka ekki til og/eða að því leyti sem skaðabætur þriðja aðila fást ekki greiddar:
 - 2.1. á börnum og unglíngum 16 ára og yngri í leik, námi og starfi;
 - 2.2. á öðrum sjúkratryggðum, enda hafi slysið ekki orðið vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis hans.

5. gr.

Sjúkratryggingum er heimilt að endurgreiða tannlækningakostnað við tannplanta-aðgerðir vegna tilvika sem falla undir 2. - 4. gr., sbr. 1. gr., svo sem hér greinir:

1. Kosid er að beita tannplöntum í stað hefðbundinna aðgerða og er þá endurgreiðslufjárhæð í báðum þessum tilvikum hin sama.
2. Gert er að stærri eða meiriháttar vanskapnaði og sambærilegum áunnum lýtum og slysaáverkum, þegar sýnt þykir, að viðunandi mælanlegur árangur náist þá aðeins, að tannplantar séu notaðir, enda séu aðrir möguleikar hefðbundinna aðgerða áður kannaðir.

6. gr.

Reglur þessar eru settar að fengnum tillögum tryggingaráðs skv. c-lið 1. mgr. 33. gr. og 3. tl. 2. mgr. 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. janúar 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps.

I. KAFLI.

1. gr.

Hitaveita Ytri-Torfustaðahrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim sem gerð hafa verið eða verða gerð á Laugarbakka eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps staðfesta af iðnaðarráðuneyti 29. september 1986.

2. gr.

Hitaveita Ytri-Torfustaðahrepps lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

3. gr.

Vatnsmagn það sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. gr. er afhent notanda um rennismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

II. KAFLI.

4. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

1. Heitt vatn um rennismæli:

A. Fyrir hvern rúmmetra vatns til annarra en í B lið	kr. 22,00
B. Garðyrkjustöðvar, fyrir hvern rúmmetra vatns	kr. 15,00
Auk þess greiðist mælaleiga fyrir hvern mánuð	kr. 350,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar sem sveitastjórn ákveður. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjaldldaga.

III. KAFLI.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál m³)

Allt að 600 m³ kr. 100.000

600 - 2000 m³ kr. 100.000 fyrir 600 m³ + 100,00 pr. m³ þar yfir.

Stærri en 2000 m³ kr. 258.000 fyrir 2000 m³ + 80,00 pr. m³ þar yfir.

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

7. gr.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta hitaveitugjöldum, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og er þá stjórn hitaveitu heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er kr. 2.000,00 í hvert skipti.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur skv. lögum og reglum á hverjum tíma.

11. gr.

Eftirlitsmaður Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Ytri-Torfustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 133, 23. mars 1993.

Iónaðarráðuneytið, 4. febrúar 1994.

F. h. r.
Porkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ**um ráðstöfun á fódurgjaldi til loðdýraræktar.**

1. gr.

Af fódurgjöldum sem innheimt eru samkvæmt reglugerð nr. 639/1989, með síðari breytingum, skal fella niður við tollafgreiðslu grunnjald skv. 1. tl. og hluta sérstaks fódurgjalds skv. 2. tl. af innfluttu kolvetnafóðri til íblöndunar í loðdýrafóður og þurrfóðri til loðdýraræktar. Af sérstöku fódurgjaldi skal innheimta 2,10 kr. af hverju kg.

2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið veitir heimild til niðurfellingar á fódurgjöldum og tilkynnir tollstjórum um innflytjendur loðdýrafóðurs sem það veitir rétt á niðurfellingu fódurgjalds. Heimildir til niðurfellingar skulu gefnar til eins árs í senn og takmarkaðar við fódurtegundir og erlenda framleiðendur (seljendur). Umsókn um niðurfellingu skal fylgja vottorð frá eftirlitsdeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins þar sem fram komi að viðkomandi fóður sé sérstaklega framleitt til loðdýraræktar.

Um skil á hluta hins sérstaka fódurgjalds fer samkvæmt 4. gr. rg. 639/1989. Þó skal Framleiðsluráð landbúnaðarins halda sérgreindan reikning yfir fódurgjöld skv. reglugerð þessari í endurgreiðslureikningi.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. rg. 639/1989 skal ekki veittur greiðslufrestur á þeim hluta hins sérstaka fódurgjalds sem innheimtur er skv. þessari reglugerð.

3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal mánaðarlega greiða hið sérstaka fódurgjald, sem innheimt hefur verið, til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, sem ráðstafar því til verkefna í þágu loðdýraræktar, að fengnum tillögum Sambands íslenskra loðdýraræktenda og eftir ákvæðum 2. mgr. 33. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.